



Elma Guðmundsdóttir hitti Önnu Mörtu Guðmundsdóttur frá Hesteyri við Mjóafjörð að máli, í tilefni af nýúkominni æfisögu hennar; Ég hef sjaldan verið algild. Anna á Hesteyri er ein af þeim manneskjum sem hafa skorið sig úr fjöldanum, verið áberandi sem rödd alþýðunnar og þændastéttarinnar og sjaldnast farið troðnar slóðir.

Á ferð og flugi í Brussel



LungaA, menningarhátíð ungs fólks sem haldin er árlega á Seyðisfirði, er að umbreytast í alþjóðlegan viðburð. Hátíðin nýtur orðið hnattærnarn athygli fyrir ferskleika og frumkraft og hana sækir fólk víða að úr heiminum. Björt Sigfinnsdóttir og Sigríður Eir Zophoniasardóttir segja frá LungaA á alþjóðavettvangi.

austur glugginn

Fréttablað Austfirðinga
Verð í lausasölu kr. 400
Fimmtudagur 20. nóvember

46. tbl. - 7. árg. - 2008

Áskriftarverð kr. 1.200 á mánuði

ISSN1670-3561



Mjólfjörður

Neskaupstaður

Eskifjörður

Reykjavík

Fáskrúðsfjörður

Stöðvarfjörður

**ÞÚ ERT
Á GÓÐUM
STAÐ**

 FJARDABYGGÐ fjardabyggd.is



Landflutningar - Samskip
Kaupvangi 25
700 Egilsstaðir
Sími 458 8800
Fax 458 8808

Opnunartími:
Mánudaga til föstudaga
frá kl. 08:00-16:00

Landflutningar
SAMSkip

A photograph of a long-haired dog, possibly a Shetland Sheepdog, sitting on a rocky outcrop and barking with its mouth wide open. The dog is facing away from the camera, looking towards a vast, snowy mountain landscape under a clear blue sky. The mountains in the background are covered in snow and have some rocky patches visible. The overall scene is bright and sunny.

Stjórnendur minni sveitarfélaganna á Austurlandi óttast örlög jöfnunarsjóðs

*Þurfa sveitarfélögin að
brópa út í fjárbagstómið
á næsta ári?
Mynd/Jón Sigurðarson*

**Rekstrarhæfi
sveitarfélaga
ógnað**

Á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna nýverið komu fram þungar áhyggjur af framtíðarfjárhag smærri sveitarfélaga, sem barist hafa í bökkum í eðlilegu árferði. Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga sagði á ráðstefnunni að óvissan væri gríðarleg. Staða jöfnunarsjóðs skiptir sköpum.

Stjórnendur smærri sveitarfélaga á Austurlandi hafa miklar áhyggjur af ástandinu og segja flestir fjármálin í mikilli óvissu. „Hvað Breiðdalshrepp varðar er þetta ekki flókið því ef útsvar lækkar um 10% prósent og framlagjofnunarstöðs niður um allt að 15%, þyngist róður okkar sveitarfélags mikið,” segir Páll Baldursson, sveitarstjóri Breiðdalshrepps. „Ef aukaframlagið svokallaða verður einnig tekið úr fer að verða alvarleg spurning um rekstrarhæfi sveitarfélagsins.”

Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps, segir fjármagnskostnað sliga sveitarfélögin. „Reiknaðar verðbætur og gengismunur við aðstæður

eins og nú ríkja eru verulegar upphæðir hjá sveitarfélögum sem skulda. Eg spái því að flest þeirra verði rekin með halla 2008 og 2009,” segir Þorsteinn.

Nokkuð kveður við annan tón á Seyðisfirði, en Ólafur Sigurðsson bæjarstjóri segir ekki annað fyrirð en fjármál Seyðisfjarðarkaupstaðar verði í góðu lagi næstu mánuði. Búið sé að tryggja fjármagn til þeirra framkvæmda sem í gangi eru. Að sögn Gunnþórunnar Ingvarsdóttur, oddvita Fljótsdalshrepps, fær hreppurinn litil sem engin framlög úr jöfnunarsjóði þar sem sveitarfélagið falli illa að reikniverki sjóðsins og hafi á undanförunum árum haft tekjur yfir meðallagi.

Útsvar í hámarki

Á Djúpavogi er útsvar í hámarki líkt og hjá flestum sveitarfélögum og ekki von á að gjaldskrár verði hækkaðar. Björn Hafþór Guðmundsson sveitarstjóri, segir engar ákvarðanir ligga fyrir um samdrátt

í þjónustu, fremur en hjá hinum sveitarfélögunum, sem öll vilja standa vörð um grunn- og félagslega þjónustu. Jakob Sigurðsson, oddviti Borgarfjarðar eystri, segir Borgarfjörð standa vel sem lítið sveitarfélag en allir þættir verði skoðaðir við gerð fjárhagsáætlunar.

Á fjármálaráðstefnunni spáði fjármálaráðherra allt að fjórðungsþækkun tekna jöfnunarsjóðs og gangi það eftir munu mörg sveitarfélög eiga í djúpstæðum erfiðleikum á næsta ári.

Ólafur bjarstjóri á Seyðisfirði segir ljóst að enginn viti ennþá hversu djúp efnahagslægðin verði. „Þar til að mál skýrast biðum við Seyðisfirðingar bara rólegir enda er búin að vera kreppa á Seyðisfirði síðan 1987. Vissulega mun ástandið varla lagast hjá þeim sveitafélögum sem hafa mátt þola samdrátt í áratugi. Það er hins vegar ekki til bóta að leggjast í svartnættisraus og fara á taugum. Hér eru sóknarfæri sem þarf að nýta.”